

Dóminum skal fullnæja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 7. apríl 1919.

Nr. 14/1919:

Réttvísín  
gegn

Ásgrími Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 7. febrúarmán. þ. á., var hinn ákærði, Ásgrímur Jónsson, verkamaður til heimilis í Reykjavík, dæmdur fyrir þjófnað og skjalafals til að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, en jafnframt ákveðið samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907 að fullnustu dómsins skyldi fresta að því er hegninguna snertir og hún falla niður nema ákærði innan 5 ára frá uppsögn dómsins sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur til þingri hegningar en sekta. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Í máli þessu er það með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum, er fengnar hafa verið, löglega sannað að hann hafi gert sig sekan í afbrotum þeim, er hann er sakaður fyrir, á þann hátt og með þeim

atvikum, er nú skal greina. Í haust var yfirheyrði mánaðartíma í vinnu við uppskipun á kolum úr skipi hér á höfninni; er hann hætti vinnu á kvöldin tók hann venjulega með sér kolastykki vafið innan í poka; safnaði hann þannig kolum í þrjá poka eða nálægt því 1 skp., og lét hann mann, er hann skuldaði, fá kolin fyrir 35 kr. upp skuldina, og þóttist þá hafa krakað þau upp úr sjónum; en kol þessi tók hann að ófrjálsu.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi verið orðinn peningalaus í fyrstu viku janúarmánaðar síðastliðins, hafi verið húsnæðislaus, matarlaus og sama sem berfættur, og hafi sér þá hugkvæmst að afla sér peninga með því að taka steinolíu af birgðum steinolíufélagsins, sem liggja fyrir ofan austustu bryggjuna innan hafnargarðanna, og selja hana. Í þessu skyni hringdi hann kaupmann Jes Zimsen hér í bænum upp í síma hinn 11. janúar síðastl. og sagði honum að hann væri búinn að kaupa 3 föt af steinolíu, sem hann hefði ætlað að senda til Vestmannaeyja, en báturinn hefði ekki getað tekið þau, og fyrir því vildi hann nú selja þau og bauð Zimsen þau til kaups á 95 kr. fatið og samþykkti Zimsen það. Daginn eftir síðdegis tók ákærði 3 föt af áðurnefndum birgðum steinolíufélagsins og velti þeim vestur að smárétt við sláturhúsin. Næsta dag, 13. janúarinn, fór hann á skrifstofu Zimsens og sagðist nú vera kominn með tunurnar, og voru þá kaupin gerð. Borgaði Zimsen 95 kr fyrir fatið, eða 285 kr. fyrir þau öll. Peningunum varði ákærði öllum til ýmis



legra kaupa og útgjalda, en eftir viku var hann orðin þeningalaus aftur. Þá tók hann það ráð, að hann hringdi kaupmann Harald Böðvarsson upp í síma 18. janúar síðastl. og bauð að selja honum 5 föt af steinoliu, er hann hefði keypt af steinoliufélaginu og ætlað að fara með til Vestmannaeyja, en geta nú ekki komið oliunni þangað, og vilja því selja hana. Varð það að samkomulagi að Haraldur keypti oliuna, og seldi ákærði hvert fat með þriggja króna afslætti; átti hann að afhenda oliuna við steinbryggju bæjarins næsta mánudag, en þetta gerðist á laugardag. Sunnudaginn 19. janúar síðdegis tók hann 5 föt af oliubirðgum Steinoliufélagsins á sama stað og hin fyrri fötin, velti þeim vestur að Thomshúsum, og skildi þau þar eftir. Á mánudaginn 20. janúar tók hann fötin, fór með þau vestur á steinbryggjuna og afhenti þau þar verkamanni Haralds Böðvarssonar; samdægurs borgaði Haraldur honum 465 kr. fyrir tunnurnar, og eyddi ákærði peningum þessum á ýmislegan hátt, svo að eigi voru nema 60 kr. eftir af þeim, er þjófnaðurinn varð uppvis. Í samningnum við Zimsen kaupmann nefndist ákærði Jón Ófeigsson eða Ólafur Ófeigsson en í samningnum við Harald Böðvarsson nefndi hann sig Ásgeir Jónasson. Hann skrifaði og sjálfur reikning til Haraldar fyrir steinoliutunnunum, og undirskrifaði hann þessu nafni Ásgeir Jónasson, en hann hefur eindregið neitað því, að hann hafi haft nokkurn ákveðinn mann í huga, er hann skrifaði þetta nafn, enda þekti hann engan mann með þessu nafni. En

sitt eigið nafn mátti hann eigi setja á reikninginn, því að í símtalinu við Harald kallaði hann sig Ásgeir Jónasson, eins og þegar hefur verið frá skýrt. Þetta ranga nafn hefur hann þannig sett á reikninginn til að blekkja Harald. — Þá hefur ákærði kannast við að hann hafi breytt reikningi frá Elíasi Hólmi, forstöðumanni »Hótel Ísland« á þá leið, að í síðasta lið reikningsins skrifaði hann tölustafinn 1 fyrir framan 30 (o: krónur), og í samtölunni tölustafinn 1 fyrir framan 47 (o: krónur), og hækkaði þannig reikningsupphæðina um 100 kr. Þessar breytingar segist ákærði hafa gert í vitleysu heima hjá sjer. Hann skýrði svo frá fyrir réttinum að hann hefði keypt mikið áfengi hjá Elíasi Hólmi fyrir peningana, er hann fjekk fyrir olíuna; var hann hræddur um að þessi áfengiskaup kynnu að komast upp og vildi þá geta sýnt það svart á hvítu, að hann hefði borgað Hólmi svona mikla upphæð fyrir annað en áfengi, og ætlaði með þessu að hindra að áfengiskaupin kæmust upp. Annars er skýrsla ákærða um þetta mjög óglögg og torskilin. En það virðist ljóst að hann hafi gert breytingarnar á reikningnum í blekkingarskyni. Reikninginn afhenti hann Haraldi Böðvarssyni og gat þá ekki um þessa breytingu á honum.

Iðgjalda hefir ekki verið krafist fyrir hina stolnu olíu. Ákærði er fæddur 16. júlí 1899, og þannig kominn yfir lögaldur sakamanna; hann hefir eigi fyr verið dæmdur fyrir neinn glæp, en var í janúar þ. á. sektaður hjer í bæ um 20 kr. fyrir lögreglubrot. Afbrot ákærða, sem hjer eru sakarefni, hefir



undirdómarinn réttilega heimfært undir 230 gr., 277. gr. og 276. gr. sbr. 272. gr. almennra hegningarlaga 25 júní 1869, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað á ákvæði aukaréttardómsins að vera óbreytt. Svo verður og að fallast á ákvæði dómsins um að fullnustu hans skuli fresta samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907 og með skilorði því, er þar er sett. Samkvæmt þessu verður að staðfesta aukaréttardóminn með áminstri breytingu á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo að fangelsistíminn sje 5×5 dagar. Ákærði Ásgrímur Jónson greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málfærslukaup til skipaðs sækanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómismálflutningmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar, 15 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.